

Ytra mat Háskóla Íslands á vegum gæðaráðs háskóla (QEF2)

Tímaáætlun og vörður

Sem hluti af Rammaáætlun gæðaráðs háskóla um eflingu gæða við háskólastofnanir á Íslandi (Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education) þarf hver háskóli að fara í gegnum innra mat (sjálfsmat) og ytra mat erlendra sérfræðinga á starfseminni. Nú bíður Háskóla Íslands slík úttekt í annað sinn en fyrsta úttektin fór fram vorið 2015.

Sérstakur stýrihópur, sem skipaður var af háskólaráði 10. janúar sl., ber ábyrgð á ritun sjálfsmatsskýrslu (e. Reflective Analysis, RA) Háskóla Íslands fyrir hönd háskólaráðs. Stýrihópurinn sér um að afla allra nauðsynlegra gagna frá til þess bærum aðilum, greina stöðu gæðatryggingar kennslu, rannsókna og stoðþjónustu og vinna aðgerðaráætlun þar sem umbóta er þörf. Stýrihópurinn skal hafa víðtækt samráð við háskólasamfélagið, þ.m.t. nemendur, um sjálfsmatið til að tryggja að það gefi sem raunsannasta mynd af stefnu og starfi Háskóla Íslands.

Gæðaráð hefur skipað ytri matshóp og í því sitja eftirtaldir sérfræðingar:

1. Dr. Ian Pirie, Assistant Principal for Learning and Development at the University of Edinburgh from 2011-15 og nú Emeritus Professor of Design and a Principal Fellow of the Higher Education Academy UK.
2. Dr. Philip Nolan, Professor of Medicine and President of Maynooth University, Ireland.
3. Dr. Dorte Salskov-Iversen, Head of the Department of Management, Society and Communication (MSC), Copenhagen Business School, Denmark.
4. Dr. Oddrun Samdal, Professor in health promotion/health psychology, Vice-Rector for Education, University of Bergen
5. Dr. E. Thomas Sullivan, Professor of Law, President of the University of Vermont, USA
6. Fulltrúi íslenskra stúdenta (hefur ekki verið skipaður ennþá)

Að neðan eru nokkrar lykildagsetningar í matsferlinu:

- 1. nóvember 2019: Drög að sjálfsmatsskýrslu verða til umfjöllunar á háskólaþingi.
- 5. desember 2019: Sjálfsmatsskýrslan samþykkt í háskólaráði
- 16. desember 2019: Háskóli Íslands skilar sjálfsmatsskýrslu sinni til Gæðaráðs.
- 28. janúar 2020: Formaður ytri matshópsins, dr. Ian Pirie, kemur í heimsókn til Háskóla Íslands og fundar með yfirstjórn skólans til að ræða sjálfsmatsskýrsluna og fyrirhugaða heimsókn matshópsins.
- 31. mars - 3. apríl 2020: Heimsókn ytri matshópsins. Hópurinn mun m.a. funda með háskólaráði, en nánari dagskrá verður ákveðin í samráði við Háskóla Íslands.